

**Nd.** **371. Frumvarp til laga** [168. mál]  
um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátatúvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi 1958.)

**1. gr.**

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslensk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða reknet.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í viðræðum ríkisstjórnarinnar um síðustu áramót við fulltrúa útvegsmanna um starfsgrundvöll bátatúvegsins fyrir árið 1958, varð meðal annars samkomulag um að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því, að lögunum um hlutatryggingasjóð bátatúvegsins yrði breytt á þann veg, að síldveiði í reknet félli undir bætur úr sjóðnum. Er ákvæði um það efni ekki óeðlilegt, þar sem greitt er framlag til sjóðsins af þeirri síld, sem veiðist í reknet, á sama hátt og af síld, sem veidd er í herpinót. Að vísu er í undirbúningi heildar-endurskoðun löggjafarinnar um hlutatryggingasjóð, en þar sem gera má ráð fyrir að sú endurskoðun taki alllangan tíma, þykir ekki hættandi á að láta þá breytingartillögu, sem hér liggur fyrir, bíða heildar-endurskoðunar löggjafarinnar.